

Gjaldskrá 2024 vegna niðurgreiðslu gjalda vegna barna hjá dagforeldrum:

Hjón og sambúðarfólk (foreldrar/forráðamenn)

Mánaðarleg greiðsla skal taka mið af dvalartíma barns. Niðurgreiðslan miðast við 11.500 kr./klst.

4 klst. Kr. 46.000

5 klst. Kr. 57.500

6 klst. Kr. 69.000

7 klst. Kr. 80.500

8 klst. Kr. 92.000

Einstæðir foreldrar eða báðir foreldrar í námi

Mánaðarleg greiðsla skal taka mið af dvalartíma barns. Niðurgreiðslan miðast við 12.500 kr./klst.

4 klst. Kr. 50.000

5 klst. Kr. 62.500

6 klst. Kr. 75.000

7 klst. Kr. 87.500

8 klst. Kr. 100.000

Sjá nánar reglur um niðurgreiðslu gjalda vegna barna hjá dagforeldrum:

Veittur er systkinaafsláttur 30% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.

Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar. (Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra eða hjá velferd@olfus.is fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 20.06.2024 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 27.06.2024 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.